

Til: Íslenskra sveitarfélaga og skólastjóra grunnskólanna
Frá: Eyjólfur B. Eyjólfsson – verkefnisstjóri NKG
Efni: Nýsköpunarkeppni grunnskólanna (NKG) – þátttökubeiðni

Kæri skólastjóri/sveitarstjórnandi

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna (NKG) er hugmyndasamkeppni fyrir nemendur í 5. – 7. bekk grunnskóla, sem haldin var í fyrsta sinn árið 1992. Tilgangur og markmið NKG er m.a. að virkja sköpunarkraft barna, gera þeim grein fyrir sköpunargáfu sinni og þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir. Er það samdóma álit allra sem tekið hafa þátt í keppninni að hún sé frábær og skemmtilegur vettvangur til að efla áhuga barna á nýsköpun. Mikill áhugi er hjá okkur á að ná til fleiri skóla og gefa sem flestum nemendum tækifæri til koma fram með og vinna að eigin hugmyndum.

Ef skóli þinn tekur ekki þátt í NKG þá bjóðum við þér nú tækifæri til að hoppa á nýsköpunarlestina og gefa þannig nemendum þínum tækifæri til koma fram með og vinna að eigin hugmyndum. Við biðjum einnig um aðstoð þína, við að auka sýnileika NKG og benda kennurum þínum á keppnina. Það er einfaldlega hægt með því að setja fylgibréfin tvö, sem eru í umslaginu t.d. inn kennarastofuna. Í kynningarbréfinu eru kennarar hvattir til að skoða nýja og endurbætta heimsíðu okkar www.nkg.is. Þar er nú komið inn mikið af kennslu- og stuðningsefni, bæði fyrir kennara og nemendur, ásamt öðru gagnlegu efni.

Einnig viljum við benda á VILJA – Hvatningarverðlaun NKG

Á hverju ári hlýtur kennari/kennarateymi nafnbótina „Nýsköpunarkennari/ar grunnskólanna árið 20xx“. Þeir kennarar sem kenna nýsköpunarment í 5. - 7. bekk eru hvattir til að senda inn umsókn. Það er til mikils að vinna, 250.000 kr. í verðlaun og tækifæri til að láta gott af sér leiða í þágu nýsköpunarmentar á Íslandi.

Í kjölfar þessa bréfs munum við senda þér netpóst með viðhengjunum sem þú getur þá, ef áhugi er til staðar, sent rafrænt á kennarana.

Með von um góð viðbrögð, - það væri virkilega gaman að fá inn umsóknir frá sem flestum skólum landsins.

Með fyrirfram þökkum og kveðju,

Eyjólfur B. Eyjólfsson, verkefnisstjóri NKG

nkg@nkg.is – S: 522 9264